



## Fundur háskólaráðs 27. janúar 2005

### Fundargerð

Málsnúmer: HI05010007  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundir, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Kolbrún Einarssdóttir  
Staða: Lokið  
Dagsetningar:  
Búið til: 20.01.2005  
Dags: 27.01.2005

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

---

01/2005

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2005, fimmtudaginn 27. janúar var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, Vilhjálmur Árnason, Anna Pála Sverrisdóttir, Inga Jóna Þórðardóttir, Heiðdís Halla Bjarnadóttir (varam. Bryndísar Harðardóttur), Þórdís Kristmundsdóttir (varam. Jóns Ó. Skarphéðinssonar), Eiríkur Tómasson, Jóhannes R. Sveinsson, Matthías Imsland og Rögnvaldur Ólafsson.

### 1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Fundaáætlun háskólaráðs á vormisseri 2005, endurskoðuð drög.
- 1.2 Úthlutun úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir árið 2005.
- 1.3 Skýrsla Vinnumatssjóðs 2004.
- 1.4 Íþróttamál Háskólans.
- 1.5 Dagskrá háskólafundar 18. febrúar 2005.

### 2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Tillögur deilda um fyrirhugaða fjöldatakmörkun háskólaárið 2005-2006.
- 2.2 Tillaga lyfjafræðideildar að breytingu á kafla deildarinnar (XIX. kafli) í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, sbr. bréf deildarforseta, dags. 19. janúar 2005.  
-Þórður Kristinsson gerði grein fyrir tillögu lyfjafræðideildar og var hún samþykkt einróma.
- 2.3 Umsögn starfshóps rektors sem skipaður var á fundi ráðsins 9. desember sl. til að fara yfir málefni Sáttmálasjóðs, sbr. minnisblað sem lagt var fram á þeim fundi. Jafnframt lagt fram álit Gísla Tryggvasonar lögfræðings Félags háskólakennara. Lagt fram minnisblað starfshóps háskólaráðs um málefni Sáttmálasjóðs, dags. janúar 2005.  
Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri rekstrar- og framkvæmda, gerði grein fyrir málínus. Málið var rætt ítarlega og svaraði Guðmundur framkomnum spurningum og athugasemendum.  
- Frestað

2.4 Umsagnir um drög að verklagsreglum um námsleyfi og orlof annarra en kennara og sérfræðinga, sem lögð voru lagt fram á fundi ráðsins 4. nóvember sl. Lögð fram greinargerð starfsmannasviðs, dags. 25. janúar 2005.

Rektor gerði grein fyrir málínu og var því frestað.

2.5 Drög að reglum um skipan þverfaglegs meistaranaáms í umhverfis- og auðlindafræðum, sbr. dagskrálið 3.4.

Rektor gerði grein fyrir málínu og var það rætt ítarlega.

- Frestað. Drög að samningi á milli deilda, sbr. 3. gr. regludraga, verði undirbúin áður en málíð kemur til afgreiðslu.

2.6 Kjör fulltrúa H.Í. í stjórn RHnets.

- Samþykkt einróma að fulltrúar Háskóla Íslands í stjórn Rannsóknar- og háskólanets Íslands hf. verði þessir:

Aðalmenn:

Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri  
Sæþór L. Jónsson, forstöðumaður RHÍ  
Ebba Þóra Hvannberg, dósent

Varamenn:

Jón Torfi Jónasson, prófessor  
Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor  
Helgi Þorbergsson, dósent

2.7 Tillaga rektors um mannaskipti í markaðs- og samskiptanefnd. Sigurður Brynjólfsson taki sæti Svöfu Grönfeldt.

Rektor gerði grein fyrir málínu.

- Samþykkt einróma að Sigurður Brynjólfsson, forseti verkfræðideildar, taki sæti í nefndinni í stað Svöfu Grönfeldt sem beðist hefur lausnar.

2.8 Stjórnsýslukæra frá Grími Sigurðssyni hdl., dags. 26. janúar 2005 vegna ákvörðunar hjúkrunarfræðideilda Háskóla Íslands dags. 22. desember 2004.

Þórður Kristinsson gerði grein fyrir málínu og var það rætt.

- Samþykkt samhljóða að beina þeim tilmælum til hjúkrunarfræðideilda að hún heimili kæranda að sitja fyrirlestra í námskeiðum á vormisseri fyrsta árs, þar til úrskurður háskólaráðs liggur fyrir. Eiríki Tómassyni, Matthási Imsland og Önnu Pálu Sverrisdóttur falið að undirbúa úrskurð háskólaráðs, í samvinnu við lögfræðing Háskólans og afla umsagna prófstjóra og forseta hjúkrunarfræðideilda.

### 3. Mál á auglýstri dagskrá

3.1 Fjármál Háskólans. Fjárhagsáætlanir fyrir árið 2005. Óafgreidd mál frá síðasta fundi.

a) Endurskoðaðar áætlanir deilda í ljósi ákvörðunar um skiptingu fjár á síðasta fundi.

b) Fjárveiting til stofnana og verkefna;

- Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræði

- Endurmenntunarstofnun Háskólans

- Upplýsingaþjónusta H.Í.

- Sjávarútvegsstofnun

- Umhverfisstofnun

- Siðfræðistofnun

- Alþjóðamálastofnun

- Rannsóknastofa um mannlegt atferli

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, og gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði um fjárhagsáætlun Háskólans fyrir árið 2005. Í máli Ingjalds kom m.a. fram að fjármálanefnd er sátt við fjárhagsáætlanir allra rekstrareininga nema guðfræðideildar og hugvísindadeildar. Á heildina litið lítur út fyrir að rekstur Háskólans verði í jafnvægi á árinu 2005. Varðandi stöðu framangreindra tveggja deilda var samþykkt einróma að þær fái heimild til að starfa samkvæmt fyrirliggjandi fjárhagsáætlun árið 2005 þrátt fyrir halla. Háskólaráð gerir þá kröfu að á árinu verði unnið að því að finna leiðir til tekjuöflunar eða sparnaðar þannig að deildirnar geti skilað fjárhagsáætlun í jafnvægi á árinu 2006. Þá var samþykkt einróma tillaga fjármálanefndar um að Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum fái 1.651.000 kr. greiddar verði 4,0 m.kr. vegna launa Jóns Erlendssonar og að framlag til Endurmenntunar verði fellt niður.

3.2 Viðhalds- og framkvæmdaáætlun Háskólans fyrir árið 2005.

Næst gerði Ingjaldur ítarlega grein fyrir framlögðum drögum að viðhalds- og framkvæmdaáætlun Háskólans fyrir árið 2005. Í því sambandi bar m.a. á góma bílastæðamál Háskólans og samþykkti háskólaráð einróma að fela Ingjaldi Hannibalssyni og Guðmundi R. Jónssyni að ræða við fulltrúa Bílastæðasjóðs Reykjavíkurborgar auk fulltrúa Landspítala - háskólasjúkrahúss og Landsbókasafns - Háskólabókasafns og gera tillögu um framtíðarfyrirkomulag bílastæðamála Háskóla Íslands og nærliggjandi stofnana.

Að lokinni framsögu Ingjalds og umræðum voru framlögð drög að framkvæmdaáætlun Háskólans fyrir árið 2005 borin undir atkvæði.

- Samþykkt einróma.

3.3 Erindi Háskólans til stjórnar Háskólasjóðs Eimskipa.

Rektor gerði grein fyrir málínu og var það rætt ítarlega. Að umræðu lokinni samþykkti háskólaráð einróma eftirfarandi ályktun:

„Háskólaráð óskar eftir því að stjórn Háskólasjóðs Eimskipa að hlutabréf sjóðsins í Burðarási hf. verði sold á nokkrum árum og að Landsbanka Íslands verði falið að ávaxta andvirði bréfanna. Ávoxtun sjóðsins verði fyrst og fremst notuð til þess að styrkja nemendur í doktorsnámi við Háskóla Íslands og 500 m.kr. varið til að reisa Háskólatorg á næstu þremur árum.“

3.4 Málefni Sjávarútvegsstofnunar og Umhverfisstofnunar, sbr. síðasta fund. Drög að reglum um stofnun um sjálfbæra þróun lögð fram.

Rektor gerði rækilega grein fyrir málínu og var það rætt.

- Málið verður áfram á dagskrá háskólaráðs á næsta fundi.

3.5 Hugmynd um nýja námsbraut í lýðheilsufræði.

Rektor gerði grein fyrir málínu og var það rætt.

- Málið verður áfram á dagskrá háskólaráðs.

3.6 Hugmynd um heiðursmerki Háskólans.

Rektor greindi frá hugmynd sinni um heiðursmerki Háskólans sem nota mætti t.d. til að heiðra velgjörðarmenn skólans. Málið var rætt og töku ráðsmenn undir hugmyndina.

3.7 Umsóknir um embætti rektors Háskóla Íslands til næstu 5 ára, frá 1. júlí 2005 að telja, sbr. bréf Menntamálaráðuneytisins dags. 24. janúar 2005.

Rektor greindi frá því að fíðrar umsóknir hefðu borist um embætti rektors Háskóla

Íslands og uppfylla allir umsækjendur skilyrði um embættisgengi, en þeir eru:  
Ágúst Einarsson, prófessor í viðskipta- og hagfræðideild  
Einar Stefánsson, prófessor í læknadeild  
Jón Torfi Jónasson, prófessor í félagsvísindadeild  
Kristín Ingólfssdóttir, prófessor í lyfjafræðideild.

### 3.8 Skipan kjörstjórnar vegna rektorskosninga.

Rektor gerði grein fyrir málínu og var það rætt.  
Háskólaráð samþykkti einróma að kjörstjórn verði skipuð sem hér segir:  
Guðmundur Jónsson, prófessor  
Aðalheiður Jóhannsdóttir, lektor, formaður  
Leó Kristjánsson, vísindamaður  
Guðrún Kristjánsdóttir, prófessor  
Árni Helgason, laganemi  
Pétur Ólafsson, sagnfræðinemi

Þá var lögð fram tillaga um að aftan við lokamálsgrein ákvæða til bráðabirgða í reglum nr. 458/2000 komi ný málsgrein svohljóðandi: „Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. um framkvæmd rektorskjörs skal við framkvæmd kosninga á árinu 2005 miða við að kjördagur verði 1.- 15. mars 2005.“

- Samþykkt einróma.

Fleira var ekki gert.  
Fundí slitið kl. 16:50